

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Frá 1. október n.k. skulu eftirtaldar bætur skv. 19. gr. laga um almannatryggingar hækka um 3% frá því sem þær voru í septembermánuði 1988:

Tekjutrygging
Heimilisuppbót
Sérstök heimilisuppbót

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um rannsóknarstofnun í siðfræði.

1. gr.

Á vegum Háskóla Íslands og Þjóðkirkjunnar starfar rannsóknarstofnun í siðfræði. Er hún vísindaleg rannsóknar- og fræðslustofnun skv. 1. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna í siðfræði.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir stofnunin einkum með því að:

1. Veita starfsmönnum stofnunarinnar og gestum fyrirgreiðslu við rannsóknir.
2. Útbúa fræðsluefni um siðfræði sem nota megi í skólum landsins.
3. Gangast fyrir námskeiðum, umræðufundum og fyrirlestrum um siðfræði handa almenningi og starfshópum.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum. Heimspekistofnun tilnefnir einn, Guðfræðistofnun annan, en kirkjuráð þjóðkirkjunnar hinn þriðja. Skal stjórnin kosin til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin ræður forstöðumann og annað starfslíð.

5. gr.

Á vegum stofnunarinnar skal starfa nefnd til ráðgjafar fyrir stjórnina. Háskólaráð tilnefnir fimm manns í nefndina og kirkjuráð aðra þrjá.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Aðrar tekjur eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c) Tekjur af útgáfu, námskeiðum, ráðstefnum eða annarri starfsemi.
- d) Gjafir og aðrar tekjur er stofnuninni kunna að berast.

Reikningshald skal vera hluti af heildarreikningum háskólans.

7. gr.

Þjóðkirkjan leggur stofnuninni til húsnæði til ráðstefnu- og fundarhalda og aðra aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 77/1979 með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið 23. september 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 596/1987, um uppgjör á innheimtu staðgreiðslufé, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Áætlun fyrir hvert sveitarfélag skal margfölduð með umsömu hlutfalli og fundin bráðabirgðainnborgun ríkissjóðs fyrir hvern mánuð. Hlutföll þessi ákveðast sem hér segir: Í september 1988 sem samsvarar 11,01% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í október 1988 sem samsvarar 8,01% af áætlun samkvæmt þessari grein. Hlutfall hvers mánaðar er hið sama fyrir öll sveitarfélög.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 31. október 1988.

Fjármálaráðuneytið, 23. september 1988.

F. h.r.

Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.